

Fundur skólaráðs Oddeyrarskóla 26. febrúar 2014

4. fundur vorönn 2014

Mættir: Kristín Jóhannesdóttir skólastjóri, Sólveig Styrmisdóttir fulltrúi kennara, Erlendur Steinar, Helga Vilhjálmsdóttir, Kristín Hallgrímsdóttir fulltrúi starfsmanna, María Aðalsteinsdóttir fulltrúi kennara, Alexandra og Lárus fulltrúar nemenda. Marína boðaði forföll.

Niðurstöður samræmdra próf

Farið yfir niðurstöður samræmdra prófa frá árinu 2005.

Umsókn um styrk í Sprotasjóð

Kristín sagði frá styrk sem sækja á um í Sprotasjóð. Snýr að hugmyndafræði Lærdómssamfélags. Þar er unnið með árangur, líðan og sjálfsmynd nemenda. Nú þegar er hafin vinna við skólann sem tekur mið að þessari hugmyndafræði.

Mentor

Töluverð umræða um Mentor, annmarka þess sem og ágæti. Rætt um að sumir kennarar noti ekki Mentor, einnig vantar upp á að verkefni séu dagsett í verkefnabók. Ábendingar um að gott væri að tilkynning kæmi ef ný færsla er sett í verkefnabók. Þessi umræða verður tekin upp með kennurum.

Næsti vetur

Útlit fyrir fækkun um 20 kennslustundir næsta vetur (77% stöðugildi). Þarf að skoða tónlistarkennslu næsta vetur, hafa komið ábendingar frá foreldrum þess efnis. List- og verkgreinarúlla hefur verið á yngsta stigi og hugmyndin að fara í sambærilega vinnu með miðstigið næsta vetur. Einnig rætt um uppbrot á unglíngastigi, þarf að skoða þetta betur fyrir næsta vetur. Umræða um möguleika á að auka vægi íþróttar í skólastarfinu.

Reglur og viðurlög vegna tækjanotkunar

Miklar umræður um nýjar reglur vegna tækjanotkunar. Ákveðið að byrja að vinna eftir þessum reglum og sjá til hvernig gengur að fylgja þessu eftir.